

Nd.

56. Frumvarp til laga

[34. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Gistiheimili: Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öll leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

Gistihús: Gististaður (hótel) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

Gistiskáli: Staður, þar sem er aðstaða til gistingar, en takmörkuð þjónusta látin í té.

Gististaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seld er næturgisting.

Greiðasala: Sala á veitingum rekin í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem látin er í té takmörkuð þjónusta.

Söluskýli: Staður, þar sem seldir eru gosdrykkir, öl og sælgæti og salan er ekki háð reglum sölubúða um lokunartíma og annað.

Tækifærisveitingar: Veitingar, sem eru ekki látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.

Veitingahús: Veitingastaður (restaurant) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka til gististaðahalds og veitinga matar og drykkjar fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastofum eða öðrum stöðum, sem almenn-ingur á aðgang að, undir þaki, í tjaldi eða undir berum himni. Löggin taka þó ekki til áfengisveitinga.

3. gr.

Enginn má gera sér gististaðahald né veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráður.
2. Hefur forræði á búi sínu.
3. Hefur óskert borgaraleg réttindi.
4. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.
5. Hefur ekki síðustu 3 ár verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan innflutning, sölu eða veitingu áfengis.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi, skal hann leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga, án þess að um þau sé leitað álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og eru óframseljanleg.

Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

5. gr.

Nú sækir félag um leyfi samkvæmt lögum þessum, og er þá því aðeins heimilt að gefa leyfið út, að meiri hluti stjórnarmanna, þar á meðal allir þeir, er firmað rita, og þeir, sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjar eru, fullnægi skilyrðum 4. gr.

6. gr.

Leyfi má ekki veita opinberum starfsmönnum né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðuneytið hafi áður úrskurðað, að atvinnan samrýmist stöðu þeirra.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi, ef hann hefur veitt:

1. Ef skilyrðum 4. gr. er ekki lengur fullnægt.
2. Ef leyfishafi hefur verið úrskurðaður gjaldþrota.
3. Ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn áfengislöggjöfni eða fyrir brot á reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis innan 14 daga frá uppkvaðningu, og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum, þar til úrskurður ráðuneytis er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi, er leyfissvipting er tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Protabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram, meðan á skiptum stendur, enda hafi forstöðumaður réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda áfram atvinnu arfleifanda í eitt ár eftir dauða hans án nýs leyfis. Eftir þann frest verður forstöðumaður að hafa réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

9. gr.

Skylt er gisti- og veitingastöðum að færa verzlunarbækur, svo sem fyrir er mælt í lögum um bókhald.

III. KAFLI

Gistihús (hótel).

10. gr.

Gistihúsleyfi veitir leyfishafa heimild til að reka gistihús og veitingastarfsemi innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri gistihússins (eiganda). Leyfi heimilar eingöngu starfsemi á þeim stað og með því nafni, sem til er tekið í leyfisbréfi.

11. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:

1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti. Í reglum, sem ráðuneytið setur, skulu vera sérstök ákvæði um búnað gistiherbergja á einkaheimilum, sem leigð eru ferðafólki fyrir milligöngu gistihúsa.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri maður, er fullnægi skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé, að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og Ferðaskrifstofu ríkisins, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

12. gr.

Hver sá, er öðlast vill viðurkenningu á því að hafa sérþekkingu til að starfa í gistihúsi, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann skal hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsa-stjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir.
2. Hann skal fullnægja skilyrðum 1.—5. tölul. 4. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfisbréf til handa þeim umsækjendum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

13. gr.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, að flokka gistihús eftir gæðum og auðkenna þannig, að hægt sé að átta sig á, í hvaða flokki þau eru. Um þetta setur ráðuneytið reglur.

Óheimilt er að nota í nafni gisti- og veitingastaða orðið „gistihús“ eða önnur heiti, sem gefa til kynna slíkan rekstur, svo sem „hótel“, nema eigandinn hafi áskilin leyfi.

IV. KAFLI

Veitingahús, gistiheimili, gistiskálar, greiðasala og söluskýli.

14. gr.

Veitingahúsleyfi veitir réttindi til veitingastarfsemi í veitingahúsi. Leyfi til rekstrar gistiskála eða gistiheimilis veitir og réttindi til veitingastarfsemi, en greiðasöluleyfi veitir aðeins heimild til veitingastarfsemi. Leyfi til að reka söluskýli veitir aðeins rétt til takmarkaðrar veitingastarfsemi (sölu á gosdrykkjum, öli, sælgæti og tóbaksvörum), allt innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Heimilt er að takmarka veitingaleyfið við ákveðna tegund veitinga. Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfsemi (eiganda). Leyfið heimilar eingöngu rekstur á þeim stað, sem til er tekinn í leyfinu.

15. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 14. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð. Veitingahús skulu eigi hafa færri en 30 sæti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum gisti- og veitingastaðaeftirlitsins, að krefjast þess, að í veitingahúsum og í gistiskálum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

V. KAFLI

Gisti- og veitingastaðaeftirlit.

16. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins hefur á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða. Í kaupstöðum, þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi, skulu þeir annast daglegt eftirlit.

Heimilt er Ferðaskrifstofunni að fá sér til aðstoðar heilbrigðisnefndir eða héraðslækna, þar sem hún telur þess þörf. Ákvörðunum Ferðaskrifstofunnar (og heilbrigðisnefndar) má skjóta til ráðuneytis.

17. gr.

Eigendum og forstöðumönnum gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrir-mælum Ferðaskrifstofunnar og heilbrigðisnefnda um lagfæringar til samræmis við kröfur laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Veita skal hæfilegan frest til framkvæmdanna.

Lögreglustjóra er heimilt að stöðva starfsemi, er fellur undir lög þessi, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Ráðuneytið skal gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti, hollustuháttu og annað, er varðar gisti- og veitingastaði. Í fyrirmælum þessum má ákveða sam-eiginlegan opunar- og lokunartíma fyrir alla veitingastaði eða fyrir hverja ein-staka grein veitingastarfsemi.

Sveitarstjórn getur ákveðið opunar- eða lokunartíma fyrir veitingastaði innan síns umdæmis, aðra en ákveðið kann að vera í fyrirmælum þeim, sem ráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Leita skal staðfestingar ráðuneytis á slík-um ákvæðum.

Ákvæði þau, er gilt hafa innan bæjar eða sveitar fyrir gildistöku laga þessara um opunar- og lokunartíma veitingastaða, falla úr gildi, er ráðuneytið gefur út fyrirmæli samkvæmt 1. mgr. um almenna skipan þessara mála, nema ráðuneytið ákveði annað.

19. gr.

Gjalda skal fyrir:

Gisti- og veitingahúsleyfi	kr. 1000.00
Önnur gististaða- og greiðasöluþyfi (söluskýli)	— 500.00
Leyfi til tækifærisveitinga	— 100.00
Bráðabirgðaleyfi samkv. 21. gr.	— 100.00

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá gjald greið-ast fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fimm ára fresti gegn 200.00 kr. gjaldi. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá Ferðaskrifstofunni eða heilbrigðisnefnd um alvarlegar misfellur á rekstr-inum, unz úr hefur verið bætt.

20. gr.

Lögreglustjóri skal gera skrá yfir leyfi, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin sé rekin, hvenær leyfi var afhent, hvenær það gekk úr gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

Lögreglustjóri sendir ráðuneytinu og Ferðaskrifstofu ríkisins fyrir 1. marz ár hvert eftirrit af því, sem skráð var undanfarandi ár.

21. gr.

Hver sá, sem við gildistöku þessara laga rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, getur fengið útgefið sér til handa bráðabirgðaleyfi til að halda rekstri áfram á sama stað, enda þótt gistihúsið fullnægi ekki skilyrðum 1. tölul. 12. gr., allt til ársloka 1962.

Frest þennan getur ráðuneytið lengt, ef sérstaklega stendur á.

22. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, má nota gistihúsleyfi sjálfur, enda þótt hann hafi ekki í þjónustu sinni mann, sem fullnægir skilyrðum 12. gr., ef eigandi hefur haft starfsemina með höndum minnst síðustu 12 mánuðina fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss í minnst 2 ár, getur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., fengið útgefið sér til handa leyfi, er veitir réttindi samkvæmt 12. gr., enda fullnægi hann skilyrðum 1.—5. tölul. 4 gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlast nægilega þekkingu á gistihúsastarfsemi.

23. gr.

Öll gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti samgöngumálanefnd Nd. frv. um veitingasölu, gististaðahald o. fl. Var það afgreitt nær óbreytt frá Nd., en fellt í Ed.

Nefndin flytur frv. þetta að nýju eftir beiðni samgöngumálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. Greinargerð millipn., sem samdi frv. um þetta efni 1949, er birt hér óbreytt sem fylgiskjal til skýringar á málinu, þó að tilvitnanir í fylgiskjalinu í einstakar greinar eigi ekki að öllu leyti við þetta frv. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Árið 1949 skipaði þáverandi samgöngumálaráðherra millipinganevnd til að endurskoða lög um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Nefndina skipuðu Brynjólfur Ingólfsson, stjórnarráðsfulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Jón Sigurðsson, borgarlæknir í Reykjavík, báðir skipaðir án tilnefningar, Böðvar Steinþórsson, tilnefndur af Sambandi matreiðslu- og framreiðslumanna, Hörður Ólafsson, lögfræðingur, tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúseigenda, og Sigurjón Danívaldsson, tilnefndur af Ferðaskrifstofu ríkisins.

Millipinganevndin samdi frumvarp til laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl., og var það lagt fyrir Alþingi 1951, en varð ekki útrætt.

Frumvarp nefndarinnar frá 1951 hefur nú verið endurskoðað af hálfu samgöngumálaráðuneytisins og er nú flutt með nokkrum breytingum.

Aðalbreytingarnar eru þessar:

1. Í frv. eru nú orðaskýringar um einstök heiti, sbr. 1. gr.
 2. Fellt er niður það skilyrði, að forstöðumaður gistihúss verði að hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsastjórn frá innlendum eða erlendum skóla, en í þess stað er leyfishafa samkvæmt þessu frv. gert að skyldu að ráða mann með þá sérþekkingu í þjónustu sína.
 3. Ákvæði IV. kafla þessa frv. ná eigi aðeins til gistiskála og veitingahúsa, heldur og til gistiheimila og söluskýla.
 4. II. kafli frv. frá 1951, um gisti- og veitingastaðaeftirlit, er samhljóða V. kafla þessa frv.
 5. Samkvæmt þessu frv. skal endurnýja leyfi til gististaðahalds á 5 ára fresti, en ekki árlega, eins og lagt var til af millipinganeftinni.
- Greinargerð millipinganeftinnar er birt hér sem fylgiskjal.“

Fylgiskjal.

Greinargerð millipinganeftinnar.

Frumvarp þetta, sem samið er að tilhlutan samgöngumálaráðuneytisins, miðar að því að bæta úr þeim ágöllum, sem vera þykja á gildandi veitingalögum, koma á opinberu eftirliti með rekstri gisti- og veitingastaða og skapa stoð undir reglugerð um hreinlæti og aðbúnað þeirra, því til tryggingar, að bættri skipan verði komið á slíka starfsemi fyrr en ella. Verða naumast bornar á það brögður, að þessa sé full þörf, þar sem það er á almanna vitorði, að í flestu, er hér að lýtur, stöndum vér að baki öðrum sæmilegum menningarþjóðum.

Skulu nú einstakar greinar frumvarpsins skýrðar stuttlega.

Um I. kafla.

Um 1. gr.

Grein þessi er að efni til sama og 1. gr. gildandi veitingalaga.

Um 2. gr.

Lagt er til, að gististaðahald og veitingasala verði áfram bundin leyfi, eins og nú er samkvæmt gildandi lögum, enda skiptir miklu máli, að vandaðir menn og heiðvirðir veljist til þessara starfa. Samkvæmt þessari grein er aðalreglan sú, að útgáfa leyfa er á sömu hönd og verið hefur, hjá lögreglustjórum á hverjum stað, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 3. gr., 2. mgr.

Túlkun á því, hvenær menn teljast „gera sér að atvinnu“ sölu þá, er frumvarpið fjallar um, hlýtur að fara mjög eftir atvikum í hverju einstöku tilfelli. Ljóst er þó, að hér fellur ekki undir, þótt menn hýsi gesti við og við og þiggi greiðslu fyrir. Til þess að um „atvinnu“ í skilningi frumvarpsins geti verið að ræða, verður starfsemin að vera rekin að staðaldri. Ekki fellur heldur hér undir leiga á herbergjum í venjulegri fjölskyldubúð.

Um 3. gr.

Í grein þessari eru talin þau persónulegu skilyrði, sem sá, er leyfi vill fá út gefið, verður að fullnægja. Eru þetta sömu ákvæði og í 3. gr. gildandi laga, 1.—4. tölul. Í gildandi veitingalögum (3. gr., 5. tölul.) er það eitt skilyrði fyrir útgáfu leyfis, að umsækjandi hafi „meðmæli“ bæjar- eða sveitarstjórnar. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að álit þessara aðila liggja fyrir, ásamt álitu heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Ætti að vera tryggt, að með umsögn heilbrigðisnefndar um húsnæðið og umsögn bæjar- eða sveitarstjórnar um ástæður umsækjanda og annað, er máli gæti skipt, sé lögreglustjóri allvel undir það búinn að úrskurða, hvort veita skuli hið umbeðna

leyfi eða ekki. Þá má einnig benda á, að minna væri í húfi en áður, þótt eitthvað bregði út af með veitingu leyfis, ef eftirlit það, sem frumvarpið felur í sér, kemst á, og einnig stað- og tímabundið gildi leyfanna. Þá er heimilað að skjóta til ráðuneytis úrskurði lögreglustjóra um veitingu eða synjun leyfis.

Loks er lagt til, að heimild hreppstjóra til að leyfa tækifærisveitingar (sbr. 2. gr. gildandi laga) haldist, og enn fremur, að lögreglustjóri geti leyft slíkar veitingar í sínu umdæmi án þess að leita þar um umsagnar á venjulegan hátt. Tækifærisveitingar eru þær veitingar nefndar, sem ekki fara fram að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri, t. d. í réttum, þar sem almennur mannfagnaður er, o. s. frv.

Um 4. gr.

Svipað ákvæði er í gildandi lögum (5. gr.). Þó er þar gert að skilyrði, til þess að hlutafélag fái leyfi, að meira en helmingur atkvæðisbærs hlutafjár sé í eigu manna búsettra hérlendis. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að meiri hluti stjórnarmanna sé þeim kostum búinn, að þeir hefðu sjálfir getað fengið leyfi.

Endurnýjun leyfanna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu (sbr. 19. gr., 3. mgr.), gerir lögreglustjóra kleift að fylgjast með því, að stjórn félags, er leyfi hefur fengið, sé jafnan svo skipuð, að fullnægt sé þessari grein. Að öðrum kosti mundi leyfið afturkallanlegt (sbr. 6. gr.). Í gildandi lögum virðist ákvæðið um skilyrði þau, er félag skal fullnægja til að fá leyfi út gefið, aðeins skipta máli á útgáfudaginn, en síðan hefur lögreglustjóri enga aðstöðu til að fylgjast með hreyfingu hlutafjár, hverjum kostum stjórnendur séu gæddir o. þ. h. Má því segja, að þrátt fyrir orðalag frvgr. gangi hún í framkvæmdinni engan veginn skemmra en 5. gr. gildandi laga.

Um 5. gr.

Greini þessi er að efni til sama og 4. gr. gildandi laga, nema hér er fellt niður bann við að veita skipstjórum leyfi. Virðist ekki meiri ástæða til að undanskilja þá en t. d. flugmenn eða jafnvel alla farmenn og aðra sjómenn, er sigla milli landa.

Um 6. gr.

Aðallega er ætlað til, að afturköllun leyfis verði beitt, er sá aðili, sem leyfi hefur fengið, hættir að fullnægja einhverju þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir útgáfu leyfisins.

Athugandi er þó, að enda þótt skilyrðum 12. gr., 1. tölul. frv. sé ekki fullnægt lengur, veldur það ekki afturköllun, heldur skerst þá eftirlitið í leikinn með þeim ráðum, sem um getur í 10. gr. Afturköllun leyfa má áfrýja til ráðuneytis innan 14 daga.

Um 7. gr.

Verði leyfishafi gjaldþrota, er búinu heimilt að nota leyfi þrotamannsins áfram, meðan skipti standa yfir. Forstöðumaðurinn verður þó að hafa leyfi til gistihússtjórnar, ef starfsemin hefur verið rekin með gistihúsleyfi; þá geta einnig eftirlifandi maki og lögerfingjar leyfishafa gengið inn í rétt arfleifanda samkvæmt leyfinu og rekið starfsemina í heilt ár frá dauða leyfishafa án forstöðumanns með réttindum. Þykir rétt að létta undir með erfingjum þeim, sem við rekstrinum taka, með því að gefa þeim þennan frest. Í 7. gr. gildandi laga er að finna skyld ákvæði.

Um 8. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Samkvæmt lögum nr. 33 1. febr. 1936 er Ferðaskrifstofu ríkisins skylt að halda uppi eftirliti með gisti- og veitingastöðum í landinu. Hefur þótt rétt að halda hinu

opinbera eftirliti áfram og efla það og er sú stefna tekin í frumvarpinu. Hefur einnig þótt rétt að fela ferðaskrifstofunni eftirlitið áfram, enda er ljóst, að ef setja ætti á stofn sérstaka stofnun til að annast slíkt eftirlit, mundi það verða mjög kostnaðarsamt. Hins vegar er ferðaskrifstofunni kleift að sameina eftirlitið að talsverðu leyti ferðum á vegum skrifstofunnar og því unnt að komast af með minni kostnað en ef hin leiðin, sem minnzt var á, væri farin. Þá má einnig benda á, að starfsmenn ferðaskrifstofunnar eru tíðir gestir einmitt á þeim gisti- og veitingastöðum, sem ríkust ástæða er til að hafa strangt eftirlit með, þeim stöðum, sem innlendir og erlendir ferðamenn sækja mest. Gera verður þó ráð fyrir því, ef eftirlit það, er frumvarpið felur í sér, kemst á, að nauðsynlegt verði að ætla því hærri fjárveitingu en á fjárlögum undanfarinna ára. Til þess að tryggja sem bezt, að heilbrigðisöryggis sé gætt, er í frumvarpinu gert ráð fyrir nánú samstarfi milli ferðaskrifstofunnar og eftirlitsmanna hennar annars vegar, og heilbrigðisnefnda og héraðslækna hins vegar. Er jafnvel gert ráð fyrir því, að þar sem sérstakir heilbrigðiseftirlitsmenn eru starfandi í kaupstöðum, annist þeir daglegt eftirlit undir yfirumsjón ferðaskrifstofunnar.

Um 10. gr.

Hingað til hefur eftirlit ferðaskrifstofunnar ekki haft nægileg áhrif, og liggja til þess ýmsar orsakir. Bæði er, að eftirlitsmenn hefur skort vald til að fylgja eftir aðfinnslum sínum, og einnig er óljóst, hvaða kröfur núgildandi lög heimila að gerðar séu til gisti- og veitingastaða. Úr síðarnefnda atriðinu mun verða bætt, ef frumvarp þetta verður að lögum og gefnar verða út reglugerðir þær, sem hér er gert ráð fyrir. Fyrirnefnda atriðinu ræður frumvarpið einnig bót á. Eftirlitinu er gert kleift að knýja fram kröfur sínar um lagfæringar og breytingar til samræmis við ákvæði frumvarpsins og reglugerðar. Sjálfum eftirlitsmanninum er þó ekki gefið vald til að hefjast handa um stöðvun starfseminnar, heldur verður hann að leita fulltingis lögreglustjóra. Er á valdi lögreglustjóra að meta, hvort stöðva skuli reksturinn að gefinni aðvörun eða ekki eða gripa til annarra ráða, t. d. neita um endurnýjun leyfisins næst, er endurnýja skal, unz aðfinnslur eftirlitsins hafa verið teknar til greina.

Um III. kafla.

Hér er lagt til, að heitið „gistihús“ (hótel) verði löghelgað sem heiti á gisti- stöðum vissrar stærðar og með ákveðnum búnaði, en í IV. kafla koma aftur ákvæði um aðra gististaði, sem lagt er til, að nefndir verði „gistiskálar“, og sömuleiðis um veitingastaði almennt. Þau rök, sem færa má fram fyrir því að flokka gististaði eftir stærð og búnaði, eru aðallega þau, að slíkt sé til þæginda fyrir ferðamenn. Óhætt ætti að vera að treysta því, að gististaður, sem hefur orðið „gistihús“ eða „hótel“ í nafni sínu, fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað. Hefur þessi háttur verið hafður í sumum mestu ferðamannalöndum Evrópu, t. d. Noregi. Sérfróðir menn hafa fullyrt, að Ísland eigi mikla framtíð fyrir sér sem ferðamannaland, ef réttilega er á málunum haldið. Veltur þá ekki hvað minst á, að aðbúnaður sé sómasamlegur á þeim gististöðum, sem erlendir ferðamenn eru líklegir til að heimsækja. Það má því með sanni segja, að framtíð Íslands sem ferðamannalands velti á því, hvernig á gistihúsmálum vorum er haldið.

Þungamiðja III. kafla frumvarpsins er í tveimur atriðum:

- a. Þau ein fyrirtæki mega bera gistihúsnafn (eða hótel), hvort sem er einstakt eða í samsettu heiti, er hlotið hafa til þess sérstakt leyfi lögreglustjóra, — gistihúsleyfi — og þannig fengið viðurkenningu um, að þau fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað.
- b. Eigandi gistihúss (hótels) eða leigutaki má ekki hefja reksturinn, enda þótt hann hafi gistihúsleyfi fullgilt, fyrr en fenginn er forstöðumaður, sem hefur réttindi til að veita gistihúsi forstöðu.

Um 11. gr.

Jafnframt því að heimila gistihúsrekstur felur gistihúsleyfi einnig í sér heimild til að reka veitingastarfsemi í sambandi við gistihúsið fyrir dvalargesti og aðra. Um vinveitingar fer eftir áfengislögum.

Gistihúsleyfi er gefið út til þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstrinum, en það mundi venjulega vera eigandi, eða þá leigutaki. Í gildandi veitingalögum eru leyfi ekki staðbundin að öðru leyti en því, að þau gilda aðeins í ákveðnum hreppi eða kaupstað (sbr. 9. gr. laganna) Í frumvarpinu er lagt til, að leyfin verði bundin við ákveðinn stað og einnig tímabundin. Nýr eigandi mundi þannig þurfa að afla sér nýs leyfis, og einnig mundi leyfishafa verða leyfi ónýtt, ef hann flytti starfsemina í annað húsnæði og vildi hefja rekstur þar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu, að sami eigandi geti rekið mörg gistihús, en til þess þarf hann jafnmörg gistihúsleyfi og auk þess að fullnægja ákvæðinu um forstöðumann með réttindum á hverjum stað.

Oft nær sama gistihús yfir fleiri en eina byggingu, og er nauðsynlegt, ef þær eru aðskildar, að taka greinilega fram, til hvaða bygginga starfsemin taki.

Um 12. gr.

Með orðunum „sérstakar ástæður“ er aðallega átt við, að óheppilegt geti verið af félagslegum orsökum að leyfa starfsemina á þeim stað, sem óskað er eftir, t. d. í nágrenni sjúkrahúss, heimavistarskóla, elli- eða barnaheimilis. Þá gæti einnig hugsast, að á högum umsækjanda væru einhverjir þeir annmarkar, sem gerðu hann að dómi lögreglustjóra óhæfan til að hafa ábyrgð á gistihússtarfsemi, og mundi þá heimilt að beita þessu ákvæði.

Ef eigandi (leyfishafi) hefur sjálfur ekki réttindi til að veita gistihúsi forstöðu, annaðhvort samkv. 13. gr. frv. eða bráðabirgðaákv. 22. gr., 2. mgr., verður hann að afla sér manns, sem hefur réttindi til þessa. Fyrr getur gistihúsið ekki tekið til starfa.

Um 13. gr.

Störf þeirra manna, er annast stjórn gistihúsa, eru ærið margbrotin og vanda-söm, en enginn skóli hérlendis til þess ætlaður að búa menn sérstaklega undir þau. Þykir þó rétt að krefjast þess, að þeir menn, sem stjórna eiga gistihúsi, hafi öðlzt nokkra þekkingu á slíkri starfsemi, annaðhvort lokið prófi í sérskóla, sem ráðuneytið viðurkennir, eða lokið sveinsprófi í þeim iðngreinum, sem veita ættu að nokkru leyti hliðstæða þekkingu, enda hafi í öllum tilfellum bætt við nokkur reynslutími umsækjanda við þau gistihússtörf, sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Er sér í lagi ætlað til, að umsækjandi hafi kynnt sem flestu, er að rekstri gisti-húss lýtur. Þar sem forstöðumaðurinn hefði oftast nær reikningshald starfsemi-nnar á hendi, er ekki síður nauðsynlegt, að hann hafi þekkingu á bókhaldi en leyfishafi sjálfur.

Samkvæmt 22. gr. 2. mgr. munu auk þeirra, sem öðlast réttindi til gistihús-stjórnar samkv. þessari grein, margir geta fengið sömu réttindi án sérstaks prófs.

Um 14. gr.

Ekki þykir rétt, að þeir, sem gerzt hafa sekir um alvarlegt brot gegn áfengis-lögnum eða reglugerðum þeim, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, haldi réttindum til gistihússtjórnar, og er því leyfi afturkallanlegt, ef þannig stendur á. Enn fremur er leyfið afturkallanlegt, ef einhverju hinna persónulegu skilyrða 3. gr., 1.—5. tl., er ekki lengur fullnægt.

Um 15. gr.

Í sambandi við grein þessa er rétt að geta þess, að nefnd sú, er frumvarp þetta samdi, leitaði aðstoðar og álits nokkurra þekkra málfræðinga um val á hentugum nöfnum á þeim greinum gisti- og veitingastarfsemi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Voru þeir allir mótfallnir lögfestingu orðsins „hótel“, en mæltu með heitum þeim, sem notuð eru í frumvarpinu: Gististaður, samnefni á öllum þeim stöðum, þar sem seld er næturgisting, enda þurfi gistihús- eða gistiskálaleyfi til að reka starfsemina. Gistihús (hótel) nefnist fyrsta flokks gististaður, en aðrir gististaðir nefnast gistiskálar.

Um IV. kafla.

Um 16. gr.

Grein þessi hefur að geyma samsvarandi ákvæði um gistiskála og veitingahús eins og 11. gr. frv. um gistihús.

Um 17. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis til að reka gistiskála eða veitingahús eru hér talin, og eru þau samhljóða skilyrðum 12. gr. fyrir veitingu gistihúsleyfa, enda þótt kröfur þær, sem gerðar verða í reglugerð, hljóti að verða að ýmsu leyti gerólikar.

Ekki er samkvæmt frumvarpinu skylt að hafa mann með sérþekkingu við stjórn starfseminnar, nema um gistihús sé að ræða (hótel). Hins vegar verður því ekki neitað, að ekki er síður nauðsynlegt, að tryggt sé eftir föngum, að stórum gistiskála eða stóru veitingahúsi sé vel stjórnað og heilbrigðisöryggis gætt, og því er hér tekin upp heimild fyrir lögreglustjóra til að krefjast þess, að forstöðumaður gistiskála hafi réttindi til gistihússtjórnar eða matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðsluástandi starfi að staðaldri í eldhúsi veitingahúss.

Um 18. gr.

Hér er lagt fyrir ráðherra að gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti og hollustuháttu þeirrar starfsemi, sem frumvarpið fjallar um. Verða ekki bornar brigður á nauðsyn þessa, þar sem ýmis þeirra ákvæða, sem setja þarf, hljóta að verða reglugerðarákvæði, t. d. um gerð herbergja og stærð, húsgögn, uppþvott o. fl., o. fl.

Ákvæðin um opunar- og lokunartíma eru nýmæli. Er talið nauðsynlegt, að hægt sé að tryggja, að gisti- og veitingastaðir loki ekki almennt t. d. á hátíðisdögum, en að því hafa verið nokkur brögð, viðskiptavinum til mikils óhagræðis. Ekki er síður ástæða til að setja ákvæði um lokunartíma slíkra staða.

Um 19. gr.

Hér eru ákveðin gjöld fyrir hin ýmsu leyfi, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Eru gjöldin ekki há, miðað við gjöld fyrir sambærileg leyfi, t. d. verzlunarleyfi, og ef höfð er í huga verðbreyting sú, er orðið hefur á krónunni síðan gildandi veitingalög voru sett og gjöldin ákveðin kr. 150.00 og kr. 200.00, er ljóst, að hér er ekki um að ræða raunverulega hækkun frá því, sem þá (1926) var ákveðið.

Í 2. mgr. er nýmæli, þar sem leyfishöfum er gert að skyldu að endurnýja leyfi sín árlega. Er þetta gert til að koma á nánara og lífrænna sambandi milli lögreglustjóra og leyfishafa en verið hefur og opna lögreglustjóra leið til að fylgja aðfinnslum eftirlitsins eftir án þess að nota lokunarheimild 10. gr., 2. mgr.

Um 20. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. gildandi laga, með þeim breytingum, sem leiðir af skipulagsbreytingu þeirri, er felst í frumvarpinu.

Um 21. gr.

Grein þessi stefnir að því að veita þeim, sem nú reka gististaði undir nafninu gistihús eða hótel og ekki fullnægja um stærð eða annað þeim kröfum, sem gerðar eru um gistihús í frumvarpinu (og reglugerð, sem sett verður, ef frumvarpið verður að lögum), nokkurn frest til að ráða bót á því, sem á skortir, eða að öðrum kosti breyta nafni fyrirtækisins.

Um 22. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt til, að ákvæði 12. gr. frumvarpsins um, að ekki megi nota gistihúsleyfi án starfandi forstöðumanns með réttindi samkvæmt 13. gr. frumv., gildi ekki um gistihús (hótel) þar, sem sami eigandi hefur staðið fyrir rekstrinum í 6 mánuði fyrir gildistöku laganna.

Í síðari málsgrein er ívilnun fyrir þá, sem unnið hafa við gistihús eða hótél í 10 ár eða unnið við stjórn slíkrar starfsemi eða verið þar forstöðumenn í ákveðinn tíma, enda hafi þeir unnið slík störf, að þeir hafi að dómi ráðuneytisins öðlazt staðgóða þekkingu á stjórn og rekstri gistihúsa. Þessir menn geta í næstu 5 ár fengið út gefið leyfi sér til handa til að veita gistihúsi forstöðu, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum 13. gr. um sérmenntun. Athugandi er, að til þess að leyfi fái út gefið á framangreindan hátt, verður umsækjandi að fullnægja ákvæðum 3. gr., 1.—5. tl. Ef leyfishafi hættir að fullnægja einhverju framangreindra skilyrða, er leyfi samkvæmt þessari grein afturkallanlegt, sbr. 14. gr. Tilgangurinn með ákvæði þessarar mgr. er að gera þeim mönnum kleift að halda áfram atvinnurekstri sínum, sem eytt hafa við hann löngum starfstíma, hætt þar til fé sínu og byggt þar á framtíðar afkomuvon sína.

Um 23.—25. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.